

# BADMINTONSAMBAND ÍSLANDS

## BADMINTON ICELAND

Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Engjavegi 6, 104 Reykjavík

Sími: 514 4045 [bsi@badminton.is](mailto:bsi@badminton.is), [www.badminton.is](http://www.badminton.is)



### Afrekssjóður Badminton sambands Íslands

Markmið sjóðsins er að gefa leikmönnum sem tilheyra afrekshópi BSÍ aukin tækifæri til þátttöku í alþjóðlegri keppni með því að styrkja þá með fjárframlagi.

Heildarupphæð í sjóðnum á ári hverju ræðst af fjárhagsstöðu Badminton sambandsins og skal ákveðin í fjárhagsáætlun á þingi þess. Þeir fjármunir sem ekki eru nýttir á fjárhagsárinu renna til annarra afreksverkefna á vegum BSÍ.

Afreksnefnd BSÍ fer með umsjón sjóðsins.

Einungis þeir leikmenn sem eru hluti af afrekshópi BSÍ geta sótt um styrki úr sjóðnum. Aðeins er veittur styrkur til verkefna sem talin eru geta aukið afreksstig leikmanna. Þeir leikmenn sem hafa lokið unglingsflokkum geta sótt um styrk vegna móta sem gefa stig á heimslista. Þeir leikmenn sem eru í unglingsflokkum geta sótt um styrk vegna alþjóðlegra unglingsmóta eða unglingsmóta í svipuðum styrkleika.

Styrkbeiðni skal berast skrifstofu BSÍ í síðasta lagi sex vikum fyrir fyrirhugað verkefni. Styrkbeiðni skal berast frá félagi viðkomandi leikmanns ásamt kostnaðaráætlun.

Afreksnefnd ákveður upphæðir styrkja út frá heildarkostnaði við verkefnið, lengd ferðar, fjarlægð til mótsstaðar og fleira. Stefnt er að því að svara styrkumsókn í síðasta lagi fimm vikum fyrir fyrirhugað verkefni.

Reglur þessar skulu birtar á heimasíðu BSÍ.

Samþykkt á fundi stjórnar BSÍ þann 15. júní 2022.